

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 76/1982 um lyfjadreifingu og lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 34/1985, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglum nr. 357/1990 um smíði og öryggisbúnað
báta styttri en 6 m að lengd.**

1. gr.

Grein 1.2 orðist svo:

Reglur þessar gilda ekki um smábáta, sem blásnir eru upp með loftkenndu efni, vatna-sleða eða svifnökkva, sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 51/1987 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni
fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.**

1. gr.

Í stað: „þ.a. Arnarfjörður ... 600 lestir“ og „þ.a. Húnaflói ... 2 000 lestir“, í 1. mgr. 4. tl. 3. gr. komi: þ.a. Arnarfjörður ... 700 lestir og þ.a. Húnaflói ... 1 500 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.